

REGLUGERÐ

um veiðieftirlitsgjald

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald - veiðieftirlitsgjald - fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á fiskveiðiárinu 1. september 1995 til 31. ágúst 1996, á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 með síðari breytingum, skal greiða fast gjald, 12.930 kr.

3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 139 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni, skal þó aldrei vera lægra en 2.300 kr.

4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald, 12.930 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1,00, ýsa 1,10, ufsi 0,55, karfi 0,8, grálúða 1,7, skarkoli 1,3, rækja 1,00, humar (slitinn) 8,4, hörpudiskur 0,40, síld 0,08, loðna 0,05.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við útgáfu veiðileyfa eða afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.